

Fundur NOS

haldinn í Þorlákshöfn 23. september 2020 kl. 16:00

Mætt: Aldís Hafsteinsdóttir, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Eydís Indriðadóttir, Hrafnkell Guðnason og Gestur Þór Kristjánsson . Auk þess sat fundinn Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir starfsemi þjónustunnar.
2. Erindi frá Soroptimistaklúbbi Suðurlands.
3. Erindi frá Félags- og barnamálaráðherra.
4. Athugasemdir Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis vegna samþykktu.
5. Umræða um fjárhagsáætlun.
6. Tillaga um hækkun gjaldskráa.
7. Erindi frá forstöðumanni vegna launa
8. Samningsdrög við Rannsóknir og Greining ehf
9. Ákvörðun um aðalfund
10. Önnur mál.

1. Yfirlit yfir starfsemi þjónustunnar.

Ragnheiður fór yfir starfsemi þjónustunnar og þær áskoranir sem þjónustan hefur þurft að takast á við vegna Covid-19.

Einnig var farið yfir þá vinnu sem er verið að vinna við endurskoðun reglna í stuðningsþjónustu.

2. Erindi frá Soroptimistaklúbbi Suðurlands.

Erindi frestað til næsta fundar.

3. Erindi frá Félags- og barnamálaráðherra.

Lagt fram til kynningar erindi frá Félags- og barnamálaráðherra vegna styrkveitingar til íþróttá- og félagsstarfs. Óskað er frekari gagna og upplýsinga um útfærslu og verður erindið rætt á næsta fundi.

4. Athugasemdir Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis vegna samþykktu.

Aðildarsveitarfélög NOS fengu athugasemdir vegna samþykktu Skóla- og Velferðarþjónustu Árneshvíls bs. Felast þær í því að

- a. Valdheimildir sveitarfélaga þurfa að koma fram í samningnum
- b. Ekki er að finna nægilega ítarlegt ákvæði um hvenær þörf er staðfestingar sveitarstjórna á ákvörðunum stjórnar.
- c. Umboð stjórnar verður að vera í samræmi við reglur sveitarstjórnarlaga um fjármál sveitarfélaga. Í umræddum samningi þarf að huga að ákvæðum varðandi fjárhagsáætlun.
- d. Ekki er fjallað um endurskoðun samningsins

Samþykkt að fela formanni að ræða við formann Héraðsnefndar og framkvæmdarstjóra Sass um sameiginlega aðkomu að yfirferð og lagfæringu á samningum sveitarfélaga á Suðurlandi.

5. Umræða um fjárhagsáætlun.

Farið var yfir fjárhagsstöðu þjónustunnar og tekin var umræða um fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Lögð fram fjárhagsstaða eins og hún lítur út 1. sept 2020. Fjárhagsáætlun mun liggja fyrir á næsta fundi.

6. Tillaga um hækkun gjaldskráa.

Lögð fram til kynningar tillaga að hækkun gjaldskrár vegna fjárhagsaðstoðar, stuðningsfjölskyldna, heimaþjónustu ofl. Þessi tillaga hefur verið send aðildarsveitarfélögunum sem munu taka afstöðu til hennar.

7. Erindi frá forstöðumanni vegna launa.

Lagt var fram erindi frá Ragnheiði Hergeirsdóttur þar sem óskað er eftir endurskoðun á launakjörum. Ákvörðun frestað til næsta fundar og formanni falið að afla frekari gagna.

8. Samningsdrög við Rannsóknir og Greining ehf

Farið yfir samningsdrög frá Rannsóknir & Greining ehf um úrvinnslu rannsókna á högum og líðan ungs fólks í Árnesþingi.

Fyrirtækið hefur boðið til kaups gögn er tengjast könnunum sem þau hafa verið að taka á högum og líðan ungs fólks.

Samþykkt að fulltrúar sveitarfélaganna kanni hjá skólasamfélaginu hvort sé fyrir gögnin og sú afstaða liggi fyrir á næsta fundi NOS til að hægt sé að taka ákvörðun um framhaldið.

9. Ákvörðun um aðalfund

Samkvæmt samþykktum skal halda aðalfund fyrir 15.okt hvers árs. Þrátt fyrir það er í ljósi aðstæðna er samþykkt að halda aðalfund miðvikudaginn 22.okt kl. 15 í Þorlákshöfn.

10. Önnur mál.

A. Úttekt á starfseminni- framtíðarsýn þjónustunnar

Samþykkt að fá ráðgjafa til að taka út starfsemina. Formanni falið að kanna með ráðgjafa og fá verðhugmyndir í verkið. Í framhaldinu verður svo farið að í að vinna framtíðarsýn þjónustunar.

B. Næsti fundur

Samþykkt að næsti fundur sé haldinn 2.okt kl 14 í Þorlákshöfn.

Halldóra Hjörleifsdóttir, fundarritari